

Til Sprotasjóðs



## Lokaskýrsla

„Talþjálfun og þjálfun læsis í gegnum fjarbúnað“

Ábyrgðaraðili og verkefnastjóri: Helga Gísladóttir

Skólastjóri GV: Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Samstarfsaðili: Trappa ehf

**Nafn skóla:** Grunnskóli Vesturbyggðar

**Nafn verkefnisins:** Talþjálfun og þjálfun læsis í gegnum fjarbúnað.

**Nafn verkefnisstjóra:** Helga Gísladóttir

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Að veita börnum þjónustu talmeinafræðings sem hingað til hefur ekki verið í boði heima í héraði. Að efla málþroska þeirra, lesskilning og læsi. Einnig að meta árangur og ánægju af fjarþjálfun talmeinafræðings fyrir nemendur í Vesturbyggð, hvernig tölvubúnaður nýtist í verkefninu og alla útfærslu hvað varðar skýringar, verkferla og útfærslu á lögbundinni þjónustu við börn með talgalla eða málþroskaröskun.

Markmiðið var einnig að þróa samvinnu við fyrirtækið Tröppu ehf sem veitir í fyrsta sinn þjónustu sérfræðinga í gegnum fjarbúnað til grunnskóla.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Notaður var fjarfundarbúnaðurinn ZOOM sem hefur virkað mjög vel. Fengin var Apple tölva í skólann með innbyggðri myndavél og góðum heyrnartækjum með hljóðnema. Tinna Sigurðardóttir talmeinafræðingur hjá Tröppu ehf var fengin til kennslunnar og hefur hún getað nýtt sér mjög vel nýjustu tækni í fjarkennslu við börn með talgalla og málþroskaraskanir.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Áætlunin hefur gengið vonum framár og komust fleiri börn að en við töldum í upphafi.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Einu hindranirnar voru tæknimálin en þau leystust fljótt og vel með hjálp góðra tæknimanna og skilnings hjá öllum aðilum.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Tólf nemendur hafa notið góðs af þessu verkefni á þeim tveimur árum sem það hefur verið í gangi. Af þeim hafa 7 náð að útskrifast. Þá má nefna aukinn áhuga á orðaforða nemenda sem er stöðugt á niðurleið alls staðar á landinu. Voru útbúnir orðalistar sem fóru í alla efstu bekkina og kennarar tóku vel fyrir og juku enn frekar kennslu sína í lesskilningi.

Helsti ávinningur af verkefninu var það góða samstarf sem við áttum við Tröppu ehf og að hafa þar aðgang að sérfræðingum eins og talmeinafræðingi, námsráðgjafa og aðstoð við skipulagningu þessarar þjónustu. Það er samstarf sem halda mun áfram og skólinn njóta góðs af.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Að okkar mati hefur verkefnið skilað góðum árangri og þá ekki síst í jákvæðu viðhorfi til talkennslu. Verkefnið hefur einnig stutt aðra kennara í vissu sinni að gera rétt í aukinni áherslu á íslenskukennslu, lestur, lesskilning og orðaforða.

Í viðræðu milli skólastjórnenda, sérkennara og foreldra kom fram mikil ánægja með þetta verkefni.

Í íslenskukennslu nýbúa sem fór einnig af stað hefur gengið nokkuð vel að kenna þeim íslenska málfræði en stundum koma upp hnökrar í nútíma samskiptatækninni. Það er þó allt í áttina og allir læra jafnframt verkefninu þar sem þetta er alveg nýtt á Íslandi.

Hér fylgir tenging á Landabátt hjá Ruv þar sem talað er við nemendur og foreldra um þetta verkefni <https://vimeo.com/157441895>

Fyrirtækið Trappa ehf mun halda áfram með rannsóknarverkefnið þar sem starfsemi þeirra er frumkvöðlastarf á landsvísu. Þar mun þróunarverkefni grunnskóla Vesturbyggðar vera

grunnþáttur í matinu á því hvernig til hefur tekist. Þær munu láta meta verkefnið í heild sinni eftir þetta skólaár. Samstarfið við Tröppu ehf og sérfræðinga þeirra tókst ákaflega vel.

#### **Niðurstöður verkefnisins:**

- Talkennslan kom ákaflega vel út og mælum við eindregið með þessari þjónustu og þessu fyrirkomulagi.
- Nemendur og foreldrar voru jákvæðir gagnvart fjarkennslunni
- 7 nemendur hafa útskrifast úr talkennslu með góðum árangri
- Talkennslan og íslenskukennslan fyrir nýbúa henta vel í fjarbúnaði. Vanda þarf vel val á fjarkennurum og hafa góðan tækjakost
- Í báðum þessum verkefnum, talkennslunni og íslenskukennslu nýbúa þarf að hafa stuðningsfulltrúa alveg með nemendum í tímum.
- Íslenskukennsla fyrir yngstu erlendu nemendurna hentaði ekki vegna tungumálaörðugleika
- Keyptar voru 4 nýjar fartölvur með myndavél sem nýttust vel fyrir þetta verkefni.
- Fjarkennsla í íslensku hentar vel fyrir nemendur í 5.-10. bekk
  
- Markmiðin hafa náðst þar sem þeir nemendur sem hafa tekið þátt hafa aukið orðaforða sinn, bætt vinnubrögð og viðhorf til skólans og lesturs almennt.
- Nemendur hafa hækkað sig í lestri.
- Verkefnin munu að vonum halda áfram næsta vetur eftir endurskoðun viðkomandi aðila ásamt talmeðferð við kvíða sem við byrjuðum líka á með námsráðgjafa

#### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Umfjöllun og niðurstöður verða settar á heimasíðu Grunnskóla Vesturbyggðar og Vesturbyggðar fyrir skólalok 2016. Einnig hefur verkefnið verið kynnt á fræðslunefndarfundi og umfjöllun um það komið í fjölmiðlum.

#### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

- Markmið rannsóknar Droplaugar Heiðu í samtarfi við Tröppu var annars vegar að kanna hvort fjarþjónusta talmeinafræðinga geti bætt þjónustu við þá skjólstæðinga Heyrnar- og talmeinafræðinga Íslands (HTÍ) sem búa á landsbyggðinni og hins vegar að kanna stöðu talmeinaþjónustu á landsbyggðinni og viðhorf sveitarfélaga til fjarþjónustu. Tvö börn sem tilheyra sérfræðihópi HTÍ fengu talþjálfun í gegnum fjarfundarbúnað tvisvar sinnum í viku í átta vikur. Að þjálfun lokinni voru tekin viðtöl við foreldra og starfsfólk í skólum barnanna til að fá upplýsingar um upplifun þeirra. Einnig var send spurningakönnun til allra sveitarfélaga á landsbyggðinni til að kanna viðhorf þeirra til fjarþjónustu talmeinafræðinga og stöðu talmeinaþjónustu þar. Helstu niðurstöður voru að á heildina litið voru viðmælendur ánægðir með fjarþjónustuna og vildu gjarnan halda henni áfram ef kostur væri.
- Niðurstöður sýndu einnig að 93,5% sveitarfélaga nýta sér að einhverju leyti þjónustu talmeinafræðings en einungis þriðjungur fær þjónustu daglega en tæplega 50% þeirra eingöngu 1-2 í mánuði eða sjaldnar. Rúmum helmingi sveitarfélaga fannst líklegt að boðið yrði uppá fjarþjónustu talmeinafræðings ef sá kostur byðist. Svarendur spurningakönnunar og viðmælendur nefndu sem helstu kosti að fjarþjónusta fæli í sér betri nýtingu á tíma skjólstæðings og talmeinafræðings, lækkun á kostnaði foreldra, aukna samvinnu talmeinafræðings og skóla og aukinn stöðugleika í þjónustunni. Helstu gallar sem nefndir voru tengdust skorti á persónulegri nærveru skjólstæðings og talmeinafræðings ásamt áhyggjum af tölvubúnaði og internettengingu.

- Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöður erlendra rannsókna. Þær benda eindregið til þess að fjarþjónusta talmeinafræðinga sé fýsilegur kostur fyrir skjólstæðinga HTÍ sem búa á landsbyggðinni og geti bætt þjónustu við þá. Næstu skref eru að gera frekari rannsóknir á fjarþjónustu á Íslandi ásamt því að efla opinbera umræðu um gildi fjarþjónustu talmeinafræðinga og auka aðgengi að upplýsingum um hvað þarf að vera til staðar til að hægt sé að bjóða upp á slíka þjónustu.  
Hlekkur: <http://skemman.is/item/view/1946/24797>

Verkefni þetta er algjör nýjung í talkennslu á Íslandi og höfum við verið stolt af að taka þátt í því í samstarfi við Tröppu ehf. Mjög vel hefur verið haldið utan um það á báðum endum og margir aðilar komið að, þ.e. bæði hjá Grunnskóla Vesturbyggðar og Tröppu ehf og þökkum við öllum fyrir gott samstarf.

Þá byrjuðum við á þriðja verkefninu sem er kvíðameðferð fyrir nemendur og hefur það gefið góða raun og þó nokkrir nemendur getað nýtt sér það. Vonumst við til að halda áfram með það næsta vetur sem og hin verkefni. Samstarfið við Tröppu hefur opnað gífurlega möguleika á hvers kyns aukinni þjónustu sem hægt er að bjóða upp á í fjarkennslu fyrir skóla á landsbyggðinni.

## **Rekstrarreikningur meðfylgjandi**

### **Dagsetning:**

---

Undirskrift verkefnisstjóra

---

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla